



Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um breytingar á stjórnskipulagi málaflokks fatlaðs fólks á velferðarsviði Reykjavíkurborgar

Á fundi velferðarráðs þann 15. janúar 2025 var lögð fram svohljóðandi trúnaðarmerkt tillaga borgarstjóra til breytinga á stjórnskipulagi málaflokks fatlaðs fólks á velferðarsviði Reykjavíkurborgar:

Lagt er til að velferðarráð samþykki og vísi til borgarráðs til staðfestingar að fela sviðsstjóra velferðarsviðs að láta framkvæma og útfæra breytingu á stjórnskipulagi málaflokks fatlaðs fólks. Breytingin felur í sér að fagleg-, rekstrarleg stýring og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk n.t.t. búsetuþjónusta, stuðnings- og stoðþjónusta, vinna og virkni og NPA- og beingreiðslusamningar verði á ábyrgð einnar starfseiningar í stað fjögurra líkt og nú er.

Tilgangur breytinganna er að auka gæði þjónustu við fatlað fólk með því að einfalda stjórnskipulag, skýra verkaskiptingu, auka yfirsýn og eftirlit, einfalda verklag, draga úr töfum og einfalda ákvörðunartöku. Breytingin á að stuðla að aukinni skilvirkni við framkvæmd þjónustu með betri nýtingu fjármuna og mannauðs. Gert er ráð fyrir að breytingin taki gildi frá og með 1. febrúar 2025.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi breytingartillögu:

Velferðarráð leggur fram breytingartillögu þess efnis að eftirfarandi setningu verði bætt við tillöguna: Ráðgjöf við fatlað fólk og ýmis umsýsla, til að mynda vegna umsókna þjónustu, verður áfram á miðstöðvum.

Tillagan var samþykkt svo breytt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúi Sósíalistasflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi sósíalista telur mikilvægt að hægt verði að taka tillit til mögulegra ábendinga sem kunna að koma frá starfsfólki eftir samtal við þá um breytingarnar.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn leggur til að borgarráð samþykki að fela sviðsstjóra velferðarsviðs að láta framkvæma og útfæra breytingu á stjórnskipulagi málaflokks fatlaðs fólks. Breytingin felur í sér að fagleg-, rekstrarleg stýring og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk n.t.t. búsetuþjónusta, stuðnings- og stoðþjónusta, vinna og virkni og NPA- og beingreiðslusamningar verði á ábyrgð einnar starfseiningar í stað fjögurra líkt og nú er. Fulltrúa Flokks fólksins sýnist að þessi breyting hljóti að vera til bóta.





Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst,
Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga borgarstjóra til breytinga á stjórnskipulagi málaflokks fatlaðs fólks á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, lögð fram á fundi velferðarráðs 15. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.



Reykjavík




Tillaga til breytinga á stjórnskipulagi málaflokks fatlaðs fólks á velferðarsviði Reykjavíkurborgar

Lagt er til að velferðarráð samþykki og vísi til borgarráðs til staðfestingar að fela sviðsstjóra velferðarsviðs að láta framkvæma og útfæra breytingu á stjórnskipulagi málaflokks fatlaðs fólks. Breytingin felur í sér að fagleg-, rekstrarleg stýring og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk n.t. *búsetuþjónusta*, *stuðnings- og stoðþjónusta*, *vinna og virkni*¹ og *NPA- og beingreiðslusamningar* verði á ábyrgð einnar starfseiningar í stað fjögurra líkt og nú er.

Tilgangur breytinganna er að auka gæði þjónustu við fatlað fólk með því að einfalda stjórnskipulag, skýra verkaskiptingu, auka yfirsýn og eftirliti, einfalda verklag, draga úr töfum og einfalda ákvörðunartöku. Breytingin á að stuðla að aukinni skilvirkni við framkvæmd þjónustu með betri nýtingu fjármuna og mannauðs. Gert er ráð fyrir að breytingin taki gildi frá og með 1. febrúar 2025.

Greinargerð:

Heildarútgjöld velferðarsviðs voru 42,8 ma. kr. árið 2023, þar af voru útgjöld þjónustu við fatlað fólk 19,9 ma. kr. eða 47% af heildarútgjöldum. Milli áráanna 2018-2023 hafa útgjöld í þjónustu við fatlað fólk aukist úr 9,5 ma. kr. í 19,9 ma. Þegar útgjöldin eru leiðrétt fyrir launa- og verðlagshækkunum þá er raunhækkun útgjaldanna á tímabilinu um 43%. Með hliðsjón af þeim fjölda einstaklinga² sem óskað hafa eftir þjónustu frá Reykjavíkurborg á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, er útlit fyrir aukinn útgjaldabýrting á komandi árum.



¹ Framkvæmd á vinnu og virkni er á forræði skrifstofu málefna fatlaðs fólks.


² Einstaklingar sem óskað hafa eftir að komast í sértækt húsnæði með búsetuþjónustu og NPA samningar.





Mynd 1. Skiping útgjalda, í ma. kr. og hlutfallslega, eftir þjónustubáttum vegna þjónustu við fatlað fólk árið 2023.

Skipulag velferðarsviðs Reykjavíkurborgar má sjá á mynd 2. Þrjár fagskrifstofur eru um málaflokka þ.e. málefni fatlaðs fólks, öldrunarmál og félagslega ráðgjöf. Þrjár skrifstofur sinna stoðþjónustu sviðsins þ.e. skrifstofa stjórnsýslu, mannauðs og fjármála og rekstrar.




Mynd 2. Skipurit velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Miðstöðvar eru fimm talsins, fjórar hverfamiðstöðvar og ein rafræn miðstöð. Rafræn miðstöð hefur það hlutverk að veita notendum þjónustu velferðarsviðs skjóta úrlausn mála með starfrænum hætti eða í gegnum símaþjónustu. Rafræn miðstöð hefur leitt umbótaverkefni á sviðinu með góðum árangri t.d. sameinað símaþjónustu sviðsins á einn stað. Í rafrænni miðstöð er einnig teymi starfsfólks sem nýtir velferðartækni í þjónustu sinni við notendur.

Hverfamiðstöðvar eru fjórar talsins, austur-, suður-, norður- og vesturmiðstöð. Þær veita notendum þjónustu í hverfum Reykjavíkurborgar bæði á skrifstofum miðstöðva og með því að ráðgjafar sem þar starfa fara í heimsóknir til notenda, henti það betur.

Í framkvæmdastjórn velferðarsviðs sitja 12 stjórnendur auk sviðstjóra. Fimm framkvæmdastjórnarmenn miðstöðva, framkvæmdastjóri barnaverndar og sex skrifstofustjórnarmenn.



Mynd 3. Stjórnskipulag miðstöðva.

Fjórir framkvæmdastjórar leiða hverfamiðstöðvarnar og þar starfa einnig deildastjórar málaflokka fatlaðs fólks, barna og fjölskyldna, virkni og ráðgjafar og heimaþjónustu,

Rekstrarstjórar starfa á hverri miðstöð enda er allur rekstur þjónustueininga sem tilheyrja viðkomandi hverfi innan miðstöðvanna.

Í hverri hverfamiðstöð starfar deildastjóri í málaflokki fatlaðs fólks en hann er næsti stjórnandi forstöðumanna heimila fyrir fatlað fólk í hverfinu ásamt því að leiða ráðgjafahóp þann sem starfar á miðstöðinni og veitir fötluðu fólki og fjölskyldum þeirra þjónustu. Einnig eru starfandi í miðstöðvum verkefnastjórar stoðþjónustu og er deildastjóri næsti stjórnandi verkefnastjóra.

Miðstöðvar	2023
Austurmiðstöð	35,90%
Norðurmiðstöð	29,30%
Suðurmiðstöð	14,40%
Vesturmiðstöð	20,40%

Tafla 1. Hlutfallsleg skipting útgjalda miðstöðva vegna þjónustu við fatlað fólk árið 2023

Þjónusta sem veitt er við fullorðið fatlað fólk eða fellur undir starfsemi miðstöðva er búsetuþjónusta, stoðþjónusta og NPA- og beingreiðslusamningar sem var um 70% af útgjöldum þjónustunnar árið 2023. Umfang þjónustunnar sem veitt er á miðstöðvum/borgarhlutum er mismunandi, sem dæmi þá voru um 36% þeirra útgjalda tilkomin á Austurmiðstöð á sama tíma voru 14% útgjaldanna í Suðurmiðstöð.

Þjónustuúrræðum á sviði vinnu og virkni þjónustu er stýrt frá skrifstofu málefna fatlaðs fólks. Verkefni skrifstofu málefna fatlaðs fólks hefur það hlutverk að sinna stefnumótun í málaflokknum, undirbúningi mála fyrir velferðarráð, innleiðingu nýjunga á sviði laga- og reglugerða, heildstæða þróun húsnæðismála og búsetuþjónustu og eftirfylgd



uppbyggingaráætlunar húsnæðismála. Einnig annast skrifstofan virkt eftirlit með framkvæmd og setningu gæðaviðmiða um þjónustu, eftirlit með starfsemi velferðarsviðs í málefnum fatlaðs fólks, samræmingu verklags á miðstöðvum borgarinnar, ásamt setu í framkvæmdastjórn velferðarsviðs, þátttöku í starfshópum innan og utan borgarinnar og yfirsýn yfir allt er varðar málefni fullorðinna fatlaðra einstaklinga.

Í breytingunum er gert er ráð fyrir að ráðgjafarþjónustan verði áfram í miðstöðvum borgarinnar til að tryggja nærþjónustu við íbúa.

Áskoranir sem hljótast af núverandi skiptingu á rekstri og framkvæmd þjónustunnar felast meðal annars í þeim fjölda einstaklinga sem koma að ákvörðunarferli við framkvæmd þjónustu. Núverandi verklag hægir á umbreytingu og nýsköpun og minnkar líkur á nýtingu á tækifærum hvað varðar stærðarhagkvæmni og heildar yfirsýnar á málaflokkinn. Núverandi skipulag stendur að mörgu leyti í vegi fyrir því að hægt sé yfirstíga þær hindranir sem verða á veginum þegar kemur að uppbyggingu á sérþekkingu og samþættingu á verklagi.

Tillaga um breytt stjórnskipulag þjónustu við fatlað fólk á sér ákveðna fyrirmynd í Keðjunni sem hóf starfsemi í upphafi árs 2020 en þar voru úrræði fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra sameinuð á einn stað í stað fimm áður.

Með það að markmiði að ná fram rekstrar- og þjónustuumbótum í málaflokki fatlaðs fólks er forgangs mál að einfalda stjórnskipulag málaflokksins, auka yfirsýn og tryggja samþættingu á faglegri og rekstrarlegri ábyrgð. Það verður best gert með því að færa rekstur málaflokksins yfir til skrifstofu málaflokksins þar sem ábyrgð á stefnumótun, fag- og rekstrarstjórnun mun efla enn frekar uppbyggingu á þjónustu Reykjavíkurborgar við fatlað fólk til framtíðar.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri